1. Stefna þessi ásamt birtingarvottorði.

2. Skrá yfir dskj. 1-5.

Áskilnaður:

Stefnandi áskilur sér rétt til frekari gagnaöflunar og framlagningar sem og til að koma að frekari málsástæðum og atvikum á síðari stigum, allt eftir því sem varnir stefnda gefa tilefni til.

Áskorun og viðvörðun:

Hér með er skorað á Magnús Guðmundsson, kt. 301169-3299, Ótilgreint, 101 Reykjavík að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er **Héraðsdómur Reykjavíkur**, á dómþingi sem haldið verður í **dómsal 102, Dómhúsi Héraðsdóms Reykjavíkur við Lækjartorg**, þann **29. janúar 2026**, kl. **10.00**, og svara þar til sakar og leggja fram gögn.

Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins getur stefndi átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart sér með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 17 nóvember 2025.

f. h. stefnanda,

Davíð Blöndal Þorgeirsson lögmaður

(2025025122

Útgáfud.: 5. desember 2025

Stefna - til ógildingar á veðskuldabréfi

Dómstjóri héraðsdóms Reykjaness,**Jónas Jóhannsson,**

gerir kunnugt: Mér hefur tjáð Ásgeir Jónsson lögmaður, kt. 210159-4799, Hafnargötu 35, Reykjanesbæ, að hann þurfi fyrir hönd Lidiu Sigurjónsson, kt. 091052-2029, Naustahlein 12, Garðabæ, að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjaness til ógildingar á veðskuldabréfi.

Dómkröfur: Stefnandi gerir þær dómkröfur, að veðskuldabréf, upphaflega að fjárhæð 5.000.000 kr., sem gefið var út 24. júlí 2013, af Gísla G. Sigurjónssyni, kt. 040438-4759, til handhafa, og hvílir á 2. veðrétti fasteignarinnar Naustahlein 12, Garðabæ, F 207-1967, verði ógilt með dómi.

Fyrirsvor: Undirritaður lögmaður, Ásgeir Jónsson lögmaður, rekur mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Málsástæður og önnur atvik: Stefnandi kveður málsatvik þau að þann 24. júlí 2013 hafi maki stefnanda, Gísli Grétar Sigurjónsson, sem lést 10. júlí 2016, gefið út veðskuldabréf til handhafa að fjárhæð 5.000.000 kr. Veðskuldabréfið var tryggt með 2. veðrétti og uppfærslurétti í 50% eignarhlut útgefanda bréfsins í fasteigninni Naustahlein 12, Garðabæ, F 207-1967. Greiða átti skuldabréfið upp með einni afborgun þann 1. ágúst 2018 og bar það enga vexti en var bundið vísitölu neysluverðs til veðtryggingar, með grunnvísitölu 411,3 stig og skyldi höfuðstóll lánsins breytast í hlutfalli við breytingar á vísitölunni frá grunnvísitölunni til gjalddaga bréfsins. Stefnandi kveður skuld samkvæmt framangreindu veðskuldabréfi að fullu greidda, en það hafi glatast og eigi fundist þrátt fyrir mikla leit. Stefnanda sé því nauðsynlegt að fá veðskuldabréfið ógilt með dómi svo hún geti látið aflýsa því af hinni veðsettu fasteign, sem sé nú að fullu þinglesin eign stefnanda.

Lagarök: Stefnandi kveðst vísa til 120. og 121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Sönnunargögn: Við þingfestingu máls síns mun stefnandi leggja fram eftirtalin sönnunargögn:

1. Afrit veðskuldabréfs.
2. Veðbókarvottorð.
3. Lögbirtingablað er sýnir stefnubirtinguna.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hverjum þeim er kann að hafa ofangreint veðskuldabréf undir höndum eða telur til réttar yfir því, að mæta á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, í dómhúsi að Fjarðargötu 9 í Hafnarfirði, í dómsal 1, miðvikudaginn 7. janúar 2026, kl. 9.00, er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá að sanna rétt sinn til veðskuldabréfsins, þar sem ella má búast við því að útivistardómur gangi í málinu og veðskuldabréfið verði ógilt með dómi.

Stefnufrestur ákveðst 1 mánuður.

Hafnarfirði, 11. nóvember 2025.

Jónas Jóhannsson.

(2025025131

Útgáfud.: 5. desember 2025

Stefna

Sverrir Sigurjónsson lögmaður

gjörir kunnugt: að hann þurfi f.h. Gísla Rafns Gylfasonar, kt. 130670-3859, Smáratúni 8, Selfossi að höfða mál fyrir Héraðsdómi Suðurlands á hendur Rose Nafula Makokha, kt. 160599-4569, síðast með þekkt lögheimili að Smáratúni 8, 800 Selfossi til ógildingar hjúskaparskráningar þeirra á milli.

I. Dómkröfur.

Stefnandi krefst þess að hjúskaparskráning aðilja máls þessa sem skráð var hjá Þjóðskrá Íslands þann 19. ágúst 2025 verði ógilt með dómi.

Stefnandi krefst þess einnig að stefndu verði gert að greiða sér málskostnað að teknu tilliti til virðisaukaskatts samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi.

II. Málflutningsumboð.

Sverrir Sigurjónsson, lögmaður, Lagaland- Lögmannsstofu, Austurvegi 10, Selfossi, rekur mál þetta fyrir hönd stefnanda.

III. Málsatvik.

Málavextir eru í stuttu máli þeir að aðilar kynntust í Kenía í lok janúar 2023 og hófu þar ástarsamband. Eftir stutt samneyti þeirra á milli fór stefnda að knýja á um að þau myndu gifta sig. Stefnandi var ekki sammála þeim hugmyndum hennar og útskýrði að sér þætti eðlilegra að fólk kynntist vel áður en til slíks ráðahags kæmi. Eftir mikla eftirgangssemi og þrýsting frá stefndu lét hann það eftir stefndu að ganga í gegnum athöfn í Kenía, sem hann taldi þó ekki vera eiginlega hjónavígslu, enda var hann þess fullviss að sú athöfn hefði ekki gildi á Íslandi.

Þann 24. desember 2024 fluttu aðilar til Íslands og fékk stefnda mánaðar ferðamanna dvalarleyfi. Þegar þessi mánuður var u.þ.b. að renna út, sótti hún um ótímabundið dvalarleyfi á grundvelli hinna Kenísku hjúskaparpappíra, var það gert með samþykki stefnanda.

Fljótlega eftir að þessi dvalarleyfisumsókn hafði verið gerð, fór stefnanda hins vegar að gruna að stefnda hefði einungis í hyggju að notfæra sér góðmennsku hans, sér til framfærslu. Eftir komuna til Íslands, hafði stefnda bíl til afnota og debetkort stefnanda sem hún mátti nota innan skynsemismarka. Stefnandi hafði hjálpað stefndu að fá kerfiskennitölu og opna bankareikning hjá Íslandsbanka. Háttsemi stefndu gagnvart stefnanda fór hratt versnandi og hún dvaldi oftast í Reykjavík en á heimili aðila á Selfossi. Útskýringar hennar á því hvað hún væri að gera eða með hverjum hún var stemmdu illa og illa gekk að ná í hana í síma. Hið sanna var að hún var að hitta aðra karlmenn á þessum tíma. Hún hóf t.a.m. ástarsamband við mann um miðjan janúar, eða 3 vikum eftir komuna til landsins og áður en dvalarleyfisumsóknin var lögð fram. Hún var í sambandi við fleiri menn næstu 2 mánuði og þann 17. apríl 2025 flutti hún frá stefnanda og yfirgaf húsnæði hans fyrir fullt og allt. Stuttu síðar, flutti hún lögheimili sitt frá stefnanda. Morguninn eftir að hún yfirgaf stefnanda, sendi hún tvo menn sem stefnandi kunni ekki nein deili á, til heimilis stefnanda, þar sem haft var í hótunum við hann og honum m.a. skipað að hafa engin afskipti af dvalarleyfisumsókninni né stefndu sjálfri, hún væri farin fyrir fullt og allt og kæmi aldrei aftur. Þetta atvik hefur verið kært til lögreglu.

Stefnandi hafði í kjölfarið samband við Útlendingastofnun (UTL) og upplýsti um atburðina og háttsemi stefndu og tilkynnti jafnframt að hann væri ekki lengur samþykktur dvalarleyfisumsókn stefndu. Í einu símtali við UTL þar sem stefnandi hafði hringt til að fá upplýsingar um það hvernig skráningu hjúskapar væri háttað hér á landi, var honum tjáð að þegar og ef dvalarleyfisumsókn yrði samþykkt, myndi UTL senda tilkynningu þess efnis til Þjóðskrár Íslands sem myndu skrá hjúskapinn. Að öðru leiti væri ekki um hjúskaparskráningu að ræða án hans aðkomu og á meðan málið væri til meðferðar hjá UTL. Stefnandi setti sig einnig í samband við sýslumann og Þjóðskrá til að spyrja sömu spurnina og fékk svipuð svör frá báðum aðilum, að þetta færi eftir niðurstöðu UTL. Einnig hefur hann fengið þau svör frá UTL að það eitt að hann tilkynnti að hann væri ekki lengur samþykktur dvalarleyfisumsókninni, myndi duga til að umsóknin yrði ekki samþykkt.

Engu að síður samþykkti Þjóðskrá að skrá aðilja í hjúskap þann 19. ágúst 2025 á grundvelli hinna Kenísku „Certified copy of Certificate of marriage“.

Stefnandi veit ekki hvar stefnda er niður komin í dag en telur að hún haldi til á Íslandi. Þá veit hann ekki hver er staða á umsókn hennar um dvalarleyfi, þar sem hún hefur fjarlægt hann sem umboðsmann hennar á umsókn hennar um dvalarleyfið. Stefnandi telur líkur á að umsókn hennar um dvalarleyfi hafi verið hafnað í ágúst 2025 og það sé ástæða þess að hún lét skrá meintan hjúskap þeirra hjá Þjóðskrá þann 19. ágúst 2025. Telur hann að hjúskaparskráningin hafi verið liður í því að reyna að fá UTL til þess að breyta afstöðu sinni, en stefnandi hefur margítrekað við stofnunina að hann sé mótfallinn því að stefnda fái dvalarleyfi hér á landi eða verði tengd honum á neinn hátt. Þjóðskrá hefur staðfest að stefnda er einungis með kerfiskennitölu hér á landi og því yfirgnæfandi líkur á að hún hafi ekki dvalarleyfi hér á landi.

IV. Málsástæður.

Við komu stefndu til landsins í lok desember 2024 var stefnandi ekki mótfallinn því að stefnda fengi hér dvalarleyfi á grundvelli hinna Kenísku vottorða. Þegar stefnda hins vegar sýndi sitt rétta andlit og í ljós kom að hún var einungs að notfæra sér stefnanda dró hann samþykki sitt til baka. Stefnda villti því á sér heimildir og leyndi atvikum í lífi sínu í þeim tilgangi að fá stefnanda til að giftast sér, í Kenía, og svo hún hlyti dvalarleyfi hér á landi. Samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 28. gr. hjúskaparlaga hefur stefnandi því ótvíræðan rétt til þess að hjúskaparskráningin verði ógilt með dómi.

Kröfu sína um ógildingu hjúskaparskráningarinnar frá 19. ágúst 2025 byggir stefnandi á því að hann hafi aldrei gengið í hjúskap sem hafi lagagildi hér á Íslandi, enda hafi hann verið í þeirri trú að hinn keníska athöfn fengist ekki skráð hér á landi nema með hans samþykki, hafði hann verið fullvissaður um það af UTL.

Verði hjúskaparskráningin talin hafa gildi hér á landi á grundvelli hinna kenísku vottorða byggir stefnandi á því að stefnda hafi vísitandi villt á sér heimildir og þóst vera saklaus stúlka frá Kenía en sé í raun vændiskona og hefur hún auglýst þjónustu sína á vefsíðum hér á landi eftir að hún kom hingað fyrst með aðstoð stefnanda. Um tveggja ára tímabil, áður en til kynna milli aðilja kom, hafði stefnda starfað í Dubai og virtist hafa ágætis fé á milli handanna. Aldrei voru útskýringar stefndu á því við hvað hún starfaði í Dubai eða lífinu þar yfir höfuð mjög greinagóðar. Engar myndir til að sýna, sem er frekar óvenjulegt. Stefnda hefur sagt íslenskri konu, sem heitir Jessica Thomasdóttir, frá því að hún hafi stundað vænda áður en hún kom til Íslands.

Einnig byggir stefnandi á því að stefnda hafi leynt stefnanda því að hún ætti barn. Hefur hún haldið því fram við stefnanda að dóttir hennar sé dóttir systur sinnar. Telur stefnandi að þetta hafi hún gert til þess að fæla hann ekki frá því að ánetjast stefndu, en hann hafði tjáð henni að hann vildi ekki ala upp fleiri börn. Hún sagði við konu að nafni Mirabela Aurelia Blaga, í löngu spjalli, að hún ætti dóttur í Kenía. Mirabela er fyrrverandi eiginkona eins þeirra manna sem stefnda hefur verið í ástarsambandi við hér á landi.

Allt er þetta háttsemi sem styður við kröfu stefnanda um ógildingu hjúskaparskráningarinnar.

Í þriðja lagi stuðlaði stefnda að heimsókn tveggja manna til heimilis stefnanda, þar sem haft var í hótunum við hann og honum m.a. skipað að láta dvalarleyfisumsóknina afskiptalausá svo og að hún væri farinn frá stefnanda fyrir fullt og allt og kæmi aldrei aftur.

Í fjórða lagi hefur stefnda misnotað kreditkort í eigu félags þess sem stefnandi starfar hjá og pantað með því vörur á netinu og ýmist setið fyrir sendingunum sem stílaðar voru á stefnanda eða látið senda á önnur heimilisföng en þau sem tilheyra félaginu, sem á kortið, eða stefnanda. Við þessa iðju var hún með samstarfsmann, sem er sá maður sem hún fór fyrst að „hitta“ um miðjan janúar 2025, eða 3 vikum eftir komuna til Íslands. Þetta hefur verið kært til lögreglu og styður það að stefnda hafði í blekkingum við stefnanda og ætlun hennar var aldrei að lifa hjónalífi með honum hér á landi, heldur eingöngu misnota góðvild hans til þess að fá hér dvalarleyfi.

IV. Krafa um málskostnað.

Kröfu sína um málskostnað styður stefnandi við 1. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 (framvegis „eml.“), en þar kemur fram að sá sem tapi máli í öllu verulegu skuli að jafnaði dæmdur til þess að greiða gagnaðila sínum málskostnað.

V. Lagarök.

Varðandi kröfu um ógildingu hjúskaparins er vísað til V. kafla hjskl., sérstaklega 28. gr.

Krafa um málskostnað er studd við 129 og 130. gr. eml.

Varðandi varnarþing vísast til 32. gr. eml.

VI. Sönnunargögn.

Stefnandi mun við þingfestingu málsins leggja að minnsta kosti fram eftirfarandi gögn:

1. Stefna.
2. Skjalaskrá.
3. Hjúskaparvottorð frá Kenía, „Certified copy of Certificate of marriage“ dags. 23.11.2023.
4. Andmæli við hjúskaparskráningu hjá Þjóðskrá og krafa um ógildinu hennar, dags. 9.10.2025.
5. Tölvupóstur til UTL frá apríl til júlí 2025.
6. Bréf til Útlendingarstofnunar, dags. 12.05.2025.
7. Bréf til Útlendingarstofnunar, dags. 1.06.2025.
8. Samskipti við Þjóðskrá.
9. Samskipti stefnanda við Julian Ndubi Oyosa, konu frá Kenía.
10. Myndir af stefndu og dóttur hennar.

VII. Skýrslutökur fyrir dómi.

Áskilinn er réttur til þess að leiða vitni fyrir dóm telji stefnandi ástæðu til á síðari stigum. Skorað er á stefndu að gefa aðilaskýrslu fyrir dómi.

VIII. Almennur áskilnaður.

Stefnandi áskilur sér rétt til að leggja fram frekari sönnunargögn og til að koma fram með frekari kröfur, málsástæður, mótmæli og lagarök á síðari stigum málsins, þ.á.m. við munnlegan flutning þess, eftir því sem ástæða þykir til og málatilbúnaður stefndu gefur tilefni til.

XI. Birting.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaðinu á grundvelli a-liðar 89. gr. einkamálalaga nr. 91/1991, þar sem stefnda er ekki með skráð lögheimili í Þjóðskrá.

X. Fyrirkall.

Fyrir því stefnist hér Rose Nafula Makokha, kt. 160599-4569, síðast með lögheimili að Smáratúni 8, 800 Selfossi, til þess að mæta á dómþing Héraðsdóms Suðurlands, sem háð verður að Austurvegi 4, Selfossi, **miðvikudaginn 7. janúar 2026, kl. 14.00**, er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð og leggja fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hálfu stefnda við þingfestingu málsins má hann búast við því að útivistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er 30 sólarhringar.
Sverrir Sigurjónsson lögmaður

(2025025163

Útgáfud.: 10. desember 2025

Stefna til greiðslu skuldar

Menntasjóður námsmanna
kt. 710169-0989
Borgartúni 21, Reykjavík,
gerir kunnugt: að hann þurfi að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur: Sigríður Þ. Sæmundsdóttir,
kt. 120168-5849, heimilisfang óþekkt, Kanada.

Dómkröfur:

Stefnandi gerir þær dómkröfur að **stefnda** verði dæmd til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 5.402.116 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af kr. 145.023 frá 01.03.2021 til 01.09.2021, af kr. 247.218 frá 01.09.2021 til 01.03.2022, af kr. 399.266 frá 01.03.2022 til 30.06.2022, af kr. 5.402.116 frá 30.06.2022 til greiðsludags. Kröfunúmer: 1016-220035.

Að auki er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefndu að viðbættum virðisaukaskatti mati dómsins eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Dagbjört J. Hauksdóttir, Borgartúni 26, Reykjavík, fer með mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Fyrirsvarsmaður stefnanda er Páll Egill Winkel, framkvæmdastjóri stefnanda, með starfsstöð að Borgartúni 21, Reykjavík.

Málavextir og málsástæður:

Fjárfrafa máls þessa er tilkomin vegna námsláns stefndu, sem hún fékk greitt út hjá stefnanda á árunum 2005-2006. Í samræmi við lög nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna er giltu þegar lánið var tekið gaf stefnda af því tilefni út skuldabréf nr. G-053053 þann 11.04.2005 þar sem hún undirritaði skilmála lánsins, sem einnig eru í samræmi við ákvæði laga nr. 21/1992. Lánið er verðtryggt miðað við vísitölu neysluverðs en verðtrygging lánsins reiknast frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að lánið er tekið eða einstakir hlutar þess greiddir út til fyrsta

dags þess mánaðar eftir að greiðsla fer fram. Lánið ber breytilega vexti sem eru 0,4% samkvæmt úthlutunarreglum stefnanda og reiknast frá námslokum, sem samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins eru ákvörðuð að hálfu stefnanda. Endurgreiðsla lánsins hefst tveimur árum eftir námslok lántakanda, sem í því tilviki sem hér um ræðir voru þann 30.04.2006. Jafnframt veitti stefnda stefnanda heimild til þess að fylla út samanlagða fjárhæð lánsins og grunnvísitölu inn á skuldabréfið við námslok, í samræmi við ákvæði þágildandi laga nr. 21/1992. Við útfyllingu skuldabréfsins nam heildarfjárhæð umrædds láns 3.120.073 krónum miðað við grunnvísitölu 252,3.

Um endurgreiðslu á láninu fer samkvæmt þágildandi lögum nr. 21/1992, ásamt síðari breytingum. Árleg endurgreiðsla lánsins ákvarðast í tvennu lagi, þ.e. annars vegar er föst ársgreiðsla með gjalddaga 1. mars ár hvert, sem tekur breytingum í hlutfalli við vísitölu neysluverðs og hins vegar er tekjutengd ársgreiðsla með gjalddaga 1. september ár hvert, sem er ákveðið hlutfall af tekjustofnilánþega árið á undan, að frádreginni föstu greiðslunni.

Fyrsti gjalddagi lánsins var 30.06.2008 en afborganir lánsins hafa verið í vanskilum frá 01.03.2021. Samkvæmt heimild í skuldabréfinu sjálfu, og svo sem leiðir af fyrrgreindum lögum nr. 21/1992 og almennum reglum kröfuréttarins, var lánið gjaldfellt þann 30.05.2022 vegna verulegra vanskila stefndu en þá voru gjaldfallnar afborganir samtals að fjárhæð 399.266 krónur, en eftirstöðvar lánsins voru þá 5.002.850 krónur uppreiknað miðað við vísitölu þann dag 528,8 og 0,4% vexti.

Nánari sundurliðun kröfunnar er sem hér segir:

Gjaldfallnar afborganir	dags. 1.3.2021	kr. 145.023
	dags. 1.9.2021	kr. 102.195
	dags. 1.3.2022	kr. 152.048
	Samtals	kr. 399.266
Gjaldfallnar eftirst.		kr. 5.002.850
Samtals eftirst		kr. 5.402.116

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til 90. gr. sbr. b-lið 89. gr. laga nr. 91/1991. Stefnda er búsett í Kanada samkvæmt Þjóðskrá. Stefna sem fyrirhugað var að þingfesta þann 12.10.2023 á hendur stefndu var þýdd og send til birtingar til Kanada á heimilisfangið 22-20 Vanderbilt Common, Spruce Grove, Alberta, T7X0V6, en það heimilisfang var fengið með leit erlends innheimtuaðila. Birtingin kom til baka og reyndist hún árangurslaus þar sem stefnda þekkist ekki á því heimilisfangi. Stefnu sem fyrirhugað var að þingfesta þann 14.03.2024 var þýdd og send aftur til birtingar til Kanada á annað heimilisfang sem er skráð hjá stefnanda 202 Graywood Mews, Stony Plain TZ7 AB OC2, Kanada. Sú birting reyndist einnig árangurslaus þar sem stefnda þekkist heldur ekki á því heimilisfangi. Send var fyrirsöfnun til Utanríkisráðuneytisins þann 04.07.2025 um upplýsingar um heimilisfang stefndu í Kanada. Utanríkisráðuneytið svaraði fyrirsöfnuninni þann 09.07.2025 þess efnis að stjórnvöld í Kanada haldi ekki samræmda skráningu og að ókleift sé að af afla upplýsingar um heimilisfang stefndu. Stefnanda var þá bent á að leita til einkaaðila við leit að heimilisfangi sem hefur verið fullreynt sbr. framangreint. Þar sem heimilisfang stefndu er óþekkt í Kanada var óskað eftir aðstoð Utanríkisráðuneytisins (UTN) um birtingu á stefnu sem fyrirhugað var að þingfesta þann 11.12.2025. Beiðnin um stefnubirtingu í Kanada var send til UTN þann 04.09.2025 og að auki var í sömu beiðni óskað eftir formlegu svari ráðuneytisins um hvaða lög og reglur gilda um stefnubirtingar í Kanada þegar heimilisfang stefndu er óþekkt með vísan til 90. gr. laga nr. 91/1991. Þann 03.11.2025 barst innheimtuaðila formlegt svar frá ráðuneytinu þess efnis að samkvæmt sendiráði Íslands í Ottawa Kanada sem ræddi við Utanríkisráðuneyti Kanada (Global Affairs Canada) er birting stefnu óframkvæmleg án heimilisfangs þar sem engin miðlæg skrá er til staðar í Kanada sbr. dskj nr. 24. Stefndandi á því enga aðra kosti en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði.

Þess er krafist að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til þess kostnaðar sem hefur hlotist af þýðingu stefnunnar vegna birtingar hennar á hendur stefndu í Kanada auk kostnaðar af stefnubirtingu að því leyti sem hann reynist hærri en almennt er hér á landi. Gögn vegna þess kostnaðar verða lögð fram við þingfestingu málsins.

Þar sem innheimtutilraunir hafa ekki borið árangur er stefna þessi nauðsynleg.

Stefndandi er ekki virðisaukaskattskyldur aðili og gerir því kröfu um að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til skyldu til greiðslu virðisaukaskatts af þóknun lögmanns.

Lagarök: Mál þetta er höfðað og rekið samkvæmt XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Stefnandi vísar til laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna, með síðari breytingum, sbr. lög nr. 60/2020 um Menntasjóð námsmanna sem og til útgefinna reglugerða og úthlutunarreglna Menntasjóðs námsmanna sem í gildi eru á hverjum tíma. Þá er enn fremur vísað til almennra reglna kröfu- og samningaréttarins um greiðslu fjárskuldbindinga. Um dráttarvaxtakröfu er vísað til III. og V. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Varðandi varnarþing er vísað til 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991 en málið er rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt sérstöku ákvæði í skuldabréfinu sjálfu. Varðandi kröfu um málskostnað vísar stefnandi til 129. og 130. gr. laga 91/1991. Um kröfu um virðisaukaskatt á málskostnað er vísað til laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt en stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og því er nauðsyn að fá dæmdan virðisaukaskatt úr hendi stefndu.

Sönnunargögn:

Við þingfestingu máls þessa mun stefnandi meðal annars leggja fram eftirtalin gögn:

1. Stefna.
2. Skrá.
3. Frumrit skuldabréfs nr. G-053053.
4. Yfirlit yfir útborganir.
5. Upplýsingar um námslok.
6. Greiðsluyfirlit dags. 18.04.2023.
7. Yfirlit yfir stöðu lánsins dags. 30.05.2022.
8. Yfirlit yfir skuldabréf dags. 30.05.2022.
9. Innheimtuviðvörðun dags. 30.09.2021.
10. Innheimtubréf dags. 23.11.2021.
11. Tilkynning um gjaldfellingu dags. 30.05.2022.
12. Reikningar vegna þýðingar á stefnum.
13. Upplýsingar um heimilisfang stefndu hjá stefnanda.
14. Upplýsingar um heimilisfang stefndu í Kanada frá erlendum innheimtuaðila dags. 08.03.2023.
15. Afrit af þýddri stefnu sem fyrirhugað var að þingfesta þann 12.10.2023.
16. Gögn um árangurslausa stefnubirtingu í Kanada dags. 01.08.2023 og dags. 28.07.2023.
17. Gögn um árangurslausa stefnubirtingu í Kanada dags. 01.02.2024 og dags. 25.01.2024.
18. Afrit af þýddri stefnu sem fyrirhugað var að þingfesta þann 14.03.2024.
19. Afrit af þýddri stefnu sem fyrirhugað var að þingfesta þann 12.09.2024.
20. Upplýsingar frá Utanríkisráðuneytinu varðandi stefnubirtingu í Kanada dags. 11.04.2024.
21. Samskipti við Utanríkisráðuneytið í júlí 2025 um heimilisfang stefndu í Kanada.
22. Formleg beiðni um stefnubirtingu til UTN dags. 04.09.2025.
23. Kvittun fyrir greiðslu til UTN dags. 04.09.2025.
24. Formlegt svar frá UTN um stefnubirtingu í Kanada dags. 03.11.2025.

Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til að koma að frekari gögnum, rökum og málsástæðum undir rekstri málsins, gefist tilefni til. Stefnandi áskilur sér jafnframt rétt til að taka aðila- og vitnaskýrslur við aðalmeðferð málsins, komi til hennar og gefi varnir **stefndu** tilefni til.

Áskorun og fyrirkall:

Hér með stefnist því stefndu til þess að mæta er mál þetta verður þingfest í **Héraðsdómi Reykjavíkur, dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, dómsal 102, fimmtudaginn 15. janúar 2026 kl. 10.00 árdegis**, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, svara til saka og leggja fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hálfu stefndu við þingfestingu málsins má búast við því að útvistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er **einn mánuður**.

Reykjavík, 20. nóvember 2025.

Dagbjört J. Hauksdóttir lögmaður

(2025025328

Útgáfud.: 10. desember 2025

Stefna

Anna Júlíusdóttir,

kt. 120360-3889,

Blikanesi 23, Garðabæ,

gerir kunnugt: Að hún þurfi að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Ásgerði Halldórsdóttur, kt. 310135-3809, Lækjasmára 6, Kópavogi, Áslaugu Olgu Heiðarsdóttur, kt. 050878-3259, Bárðarási 18, Hellissandi, Ásmundi Vilhelmssyni, kt. 200768-5319, Kirkjuteigi 7, Reykjavík, Ástríði Guðrúnu Eggertsdóttur, kt. 140368-5479, Norðurbakka 9B, Hafnafirði, Benedikt Hjartarsyni, kt. 090849-4099, Bríetartúni 22, Reykjavík, Bjarnísi Jónsdóttur, kt. 050554-4229, Krókabyggð 25, Mosfellsbæ, Björgu Magnúsdóttur, kt. 120273-4349, Randager 32, Alberslund, Danmörku, Björk Vilhelmsdóttur, kt. 021063-5689, Depluhólum 9, Reykjavík, Eygló Ósk Þórðardóttur, kt. 220676-4719, Bandaríkjunum, Finnboga Karli Bjarnasyni, kt. 290888-2399, með óþekkt heimilisfang í Sameinuðu arabísku furstadæmunum, Guðjóni Ásmundssyni, kt. 220374-3279, Þorláksgesla 38, Reykjavík, Guðjóni Agli Ingólfssyni, kt. 240256-2239, Eyri lóð 2, 524 Árneshreppi, Gunnlaugi Helgasyni, kt. 260863-7469, Ásbúð 26, Garðabæ, Halldóri Kristjáni Ingólfssyni, kt. 311054-6279, Hesthömrum 7, Reykjavík, Halldóri Kristjáni Hjartarsyni, kt. 110743-2119, Engihjalla 9, Kópavogi, Heiðari Jónssyni, kt. 090848-7399, Háteigsveg 14, Reykjavík, Helgu Lind Pálsdóttur, kt. 171182-4099, Birkigrund 13, Selfossi, Hrönn Vilhelmsdóttur, kt. 080661-6309, Ásholti 30, Reykjavík, Ingunni Hinriksdóttur, kt. 120944-2749, Berghólum 7, Selfossi, Jóni Páli Vilhelmssyni, kt. 190267-4829, Miklubraut 62, Reykjavík, Júlíusi Steinari Heiðarssyni, kt. 080969-4229, Lokastíg 20A, Reykjavík, Láru Valgerði Ingólfssdóttur, kt. 130646-3019, Eyri lóð 2, 524 Árneshreppi, Láru Valgerði Jónsson, kt. 090656-5469, Bandaríkjunum, Lúðvík Vilhelmssyni, kt. 240862-2719, Markarvegi 17, Reykjavík, Magnúsi Hjartarsyni, kt. 040848-7119, Þverholti 23, Reykjavík, Margréti Hrönn Huegemann, kt. 040759-3369, Þýskalandi, Maríu Jónsdóttur, kt. 090866-4789, Brekkustíg 4A, Reykjavík, Maríu Rún Bjarnadóttur, kt. 250281-5449, Hagamel 46, Reykjavík, Ragnari Frey Pálssyni, kt. 251173-4869, Hellandsgata 47, Henningsvær, Noregi, Rögnvaldi Pétri Bjarnasyni, kt. 180996-2579, Flétturima 34, Reykjavík, Söru Elísu Þórðardóttur, kt. 200181-3959, Sunnusmára 11, Kópavogi, Söru Magnúsdóttur, kt. 310582-5819, Miðholti 11, Mosfellsbæ, Sigríði Láru Heiðarsdóttur, kt. 090971-4339, 6301 Penuche Way, Holly Springs, Wake County, NC 27540, Bandaríkjunum, Stefáníu Helgu Ásmundsdóttur, kt. 151080-3919, Asparási 5, Garðabæ, Stefáníu Helgu Jónsdóttur, kt. 090856-4219, Naustavör 54, Kópavogi, Steingerði Halldórsdóttur, kt. 140540-4479, Boðarþingi 24, Kópavogi, Svanhildi Guðmundsdóttur, kt. 260543-2619, Eyri lóð 1, 524 Árneshreppi, Valgerði Marinósdóttur, kt. 251048-4019, Malarási 5, Reykjavík og Þórhildi Hrönn Ingólfssdóttur, kt. 190860-5159, Kópavogsbakka 15, Kópavogi, og gera þær dómkröfur sem hér nánar greinir.

I. Dómkröfur: Stefnandi gerir eftirfarandi dómkröfur:

A) Að viðurkenndur verði með dómi réttur hans til að krefjast, með nauðungarsölu, slita á óskiptri sameign jarðarinnar Krossa, Snæfellsbæ, fasteignanúmer F2113710 og landeignarnúmer L136224.

B) Að stefndu greiði sameiginlega stefnanda málskostnað, að skaðlausu samkvæmt mati dómsins eða síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að teknu tilliti til þess að stefnandi sé ekki virðisaukaskattskyldur.

II. Málflutningsumboð: Sigurður Kári Kristjánsson lögmaður með málflutningsréttindi fyrir Hæstarétti, LLG lögmenn, Laugavegi 31, 101 Reykjavík, rekur mál þetta fyrir hönd stefnanda.

III. Málsatvik, málsástæður og lagarök:

A) Andlag nauðungarsölu, eignarhluti aðila, o.fl.

1. Mál þetta hverfist um jörðina Krossa, Snæfellsbæ, fasteignanúmer F2113710 og landeignarnúmer L136224. Jörðin er í óskiptri sameign aðila þessa máls. Samkvæmt þinglýsingarvottorði eru *þinglýstir eigendur* 38 (*dskj.* 3). Er eignarhlutdeild sameigenda ólík, allt frá tæpum 0,5% upp í eignarhluta stefnanda sem er 16,72%. Eignarhald jarðarinnar er því mjög dreift en til marks um það má benda á að 27 aðilar eiga um 2% eða lægri eignarhlutdeild og af þeim eru 17 sem eiga um 1% eða lægri hlutdeild.

2. Samhliða rekstri þessa máls verður rekið sambærilegt má um jörðina Arnartungu, Snæfellsbæ, fasteignanúmer F2113502 og landeignarnúmer L136189, sem er í sameign sömu aðila og jörðin Krossar.

B) Forsaga og fyrri tilraunir sameigenda til skipta

3. Í samræmi við fyrirmæli laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu sendi stefnandi upphaflega áskorun til annarra sameigenda jarðanna Arnartungu og Krossa um að ganga til samninga um slit á sameigninni við sig þann 2. október 2008 (*dskj.* 4). Í kjölfarið var haldinn fundur, n.t.t. þann 16. október s.á. um málefnið en engin lausn fékkst í málið (*dskj.* 5). Með erindi 4. nóvember 2009 (*dskj.* 6) lagði stefnandi fram tillögu að skiptingu jarðarinnar. Laut tillagan að því að skipt yrði út eignarhluta stefnanda en jörðin yrði, eftir atvikum, að öðru leyti áfram í óskiptri sameign annarra eigenda. Tiltekið var sérstaklega að stefnandi væri reiðubúin til viðræðna um aðra skiptingu jarðarinnar, enda væri þess gætt að ekki yrði gengið á sanngjarna eignarhlutdeild hennar í jörðinni.

4. Bárust fjórar tillögur frá öðrum sameigendum um skiptingu jarðarinnar 14. maí 2010 (*dskj.* 7). Var stefnandi ekki reiðubúin til þess að fallast á framkomnar tillögur þar sem hún taldi þær ganga á sanngjarna eignarhlutdeild hennar í jörðinni. Ítrekuð var fyrri tillaga stefnanda en sameigendum gefinn frekari kostur á að koma að nýjum tillögum um afmörkun á eignarhluta stefnanda sem tækju í ríkari mæli mið af sanngjarnri eignarhlutdeild hennar (*dskj.* 8).

5. Með bréfi 18. júní 2012 (*dskj.* 9) lýsti lögmaður annarra sameigenda því yfir að frekari tillögur að skiptingu jarðarinnar yrðu ekki lagðar fram. Sigldu viðræður milli stefnanda og annarra sameigenda í kjölfarið í strand.

6. Stefnandi hefur nú hug á að koma slitum á sameigninni til leiðar og hefur átt í óbeinum samningaviðræðum við aðra sameigendur. Stefnandi leitaðist eftir því að senda öðrum sameigendum áskorun með ábyrgðarbréfi í samræmi við 10. gr., sbr. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Þar sem ekki var unnt að koma á framfæri áskorun eftir 10. gr. sömu laga við stefnda Finnboga Karl Bjarnason er stefnandi nauðbeygður til þess að höfða mál þetta, sbr. nánar síðar.

C) Nánar um helstu málsástæður:

(i) Aðild, kröfugerð, o.fl.

7. Málsaðilar eiga einstaklega, beinna og lögvarinna hagsmuna að gæta, enda sameigendur að jörðinni.

8. Rétt er að tiltaka sérstaklega að aðild stefndu Benedikts Hjartarsonar, Halldórs Kristjáns Hjartarsonar og Magnúsar Hjartarsonar er reist á því að Hjörtur Halldórsson, kt. 180608-3899, faðir framangreindra aðila, er *skráður þinglýstur eigandi* að jörðinni. Samkvæmt þeim upplýsingum sem stefnandi býr yfir lést Hjörtur þann 7. ágúst 1978 og var dánarbúi hans lokið sem eignalaus en láðst hefur að gera grein fyrir eign hans í umþrætti jörð (*dskj.* 10). Hjörtur átti fjórða soninn, Halldór Línal, kt. 190833-6079, sem lést þann 19. apríl 2004 í Danmörku, eftir því sem stefnandi best veit. Verður því, að mati stefnanda, að telja að framangreindir aðilar séu réttir eigendur að eignarhluta Hjartar en stefnandi hefur ekki upplýsingar um aðra erfingja, þ. á m. erfingja Halldórs Línal (*dskj.* 11).

9. Þá er einnig nauðsynlegt að tiltaka að db. Sigurgeirs H. Friðþjófssonar, kt. 270346-3409, er skráð þinglýstur eigandi að 2,65% eignarhluta í jörðinni. Samkvæmt þeim upplýsingum sem stefnandi hefur fengið ráðstafaði Sigurgeir heitinn eignarhlutanum með erfðaskrá til Júlíusar Steinars Heiðarsonar, Sigríðar Láru Heiðarsdóttur, Áslaugar Olgu Heiðarsdóttur, Ragnars Freys Pálssonar og Helgu Línal Pálsdóttur. Eru framangreindir bréferfingjar þegar eigendur að eignarhlutum í jörðinni. Við skipti á dánarbúinu mun eignarhlutur þeirra því stækka því sem nemur eignarhluta Sigurgeirs heitins.

10. Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála er heimilt að höfða mál til að leita viðurkenningardóms um kröfu, enda hafi aðili lögvarða hagsmuni af því að skorið sé úr um tilvist eða efni réttinda eða réttarsambands. Stefnandi hefur lögvarða hagsmuni af kröfugerð sinni í málinu.

11. Líkt og áður greinir var ekki unnt að koma á framfæri áskorun eftir 10. gr., sbr. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 90/1991 við stefnda Finnboga Karl Bjarnason. Þar sem hvorki var unnt að afla upplýsinga um lögheimili hans né hvar megi birta honum stefnu eftir almennum reglum, þrátt fyrir töluverða leit, er stefnanda nauðugur sá kostur að leita viðurkenningardóms, sbr. meðal annars 3. mgr. 8. gr. laga nr. 90/1991, til að koma fram nauðungarsölu og birta stefnu fyrir stefnda Finnboga Karli í Lögbirtingablaði.

12. Varðandi heimild til stefnubirtingar gagnvart stefnda Finnboga Karli í Lögbirtingablaði er vísað til a-liðar 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 2. mgr. 83. gr. sömu laga. Lögheimili stefnda er í Þjóðskrá skráð í *Sameinuðu Arabísku Furstadæmunum* (*dskj.* 12). Óskað var eftir upplýsingum um lögheimili stefnda með erindi til borgarapjónustu utanríkisráðuneytisins, þann 8. október 2024. Bárust þau svör að leitarúrraði ráðuneytisins

miðuðust fyrst og fremst við öflun staðfestingar frá erlendum stjórnvöldum en þar sem stjórnvöld þar í landi héldu ekki samræmda skráningu væri ekki unnt að afla upplýsinganna. Þá var tiltekið að þegar þeim úrræðum slepti yrði að treysta á aðstoð einkaaðila í viðkomandi landi (*dskj. 13*). Leitaði stefnandi til einkaaðila í Sameinuðu Arabísku Furstadæmunum, nánar tiltekið til NYK lögmannsstofu í Dubai, þar sem óskað var eftir aðstoð lögmannsstofunnar að fá opinbera staðfestingu á því hvert lögheimili stefnda væri. Af hálfu lögmannsstofunnar kom fram að hún gæti haft samband við „General Directorate of Residence and Foreign Affairs“ í Sameinuðu Arabísku Furstadæmunum en hins vegar væri gerð sú krafa að afrit vegabréfs fylgdi beiðni um upplýsingar um lögheimili (*dskj. 14*). Eðli málsins samkvæmt getur stefnandi ekki nálgast vegabréf stefnda. Í kjölfarið fór stefnandi þess á leit við utanríkisráðuneytið að kallað yrði eftir afriti af vegabréfi stefnda, enda vegabréf eign íslenska ríkisins, sbr. 5. mgr. 2. gr. laga nr. 136/1998 um vegabréf, og að í kjölfarið yrði haft samband við utanríkisráðuneytið í Sameinuðu Arabísku Furstadæmunum til að fá upplýsingar um lögheimili stefnda þar í landi (*dskj. 15*). Erindi stefnanda var framsent til Þjóðskrár sem hafnaði beiðninni þar sem ekki var talið heimilt að afhenda afrit af vegabréfi stefnda (*dskj. 16*).

13. Stefnanda eru því ekki aðrar leiðir færar til þess að nálgast upplýsingar um lögheimili stefnda Finnboga Karls. Líkt og framangreint ber með sér hefur stefnandi lagt töluvert á sig til að leita upplýsinga um hugsanlegan birtingarstað. Í ljósi þess og alls framangreinds telur stefnandi skilyrði a-liðar 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991 uppfyllt.

14. Um varnarþing fer eftir fyrirmælum 1. og 3. mgr. 32. gr., sbr. 1. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991.

(ii) Skilyrði laga um nauðungarsölu uppfyllt

15. Fyrir liggur að eignarhald er mjög dreift, sbr. umfjöllun að framan. Í ljósi þessa, þ. á m. að teknu tilliti til stærðar eignahluta einstakra sameigenda og hve lítill afnot hver eigandi hefur af jörðinni, álitur stefnandi það þjóna hagsmunum allra eigenda, að sameigninni verði slitið.

16. Stefnandi telur að jörðinni verði ekki skipt milli eigenda án verulegs tjóns eða kostnaðar, líkt og fyrri ítrekaðar tilraunir milli sameigenda bera með sér. Því til frekari stuðnings liggur fyrir matsgerð unnin af Magnúsi Leópoldssyni löggiltum fasteignasala, dags. 17. apríl 2010, sem aflað var á tímabili fyrri samningsumleitana, sbr. umfjöllun að framan (*dskj. 17*). Niðurstaða matsmanns var sú „að ekki sé unnt að skipta upp jörðinni Krossum milli sameigenda hennar án þess að gengið sé á eignarhlut einstakra sameigenda og án verulegs tjóns fyrir einn eiganda eða fleiri“. Staðfesti matsmaður, 12. september 2024, að fyrrgreind matsgerð ætti fullum fetum við í dag og að afstaða hans til skiptanleika jarðarinnar væri óbreytt (*dskj. 18*).

17. Með vísan til alls framangreinds telur stefnandi ljóst að jörðinni verði ekki skipt með góðu móti án þess að eignin rýrni verulega að verðmæti við skiptin.

Lagarök: Um lagarök vísar stefnandi meðal annars til jarðalaga nr. 81/2004, laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu sem og til skráðra og óskráðra meginreglna eignarréttar um óskipta sameign. Jafnframt er stuðst við ákvæði laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, þ. á m. 18. gr. laganna um aðild. Málskostnaðarkrafan er studd fyrirmælum laga nr. 91/1991. Varnarþing byggir meðal annars á fyrirmælum 1. og 3. mgr. 32. gr. og 1. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991.

IV. Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til að leggja fram frekari gögn undir rekstri málsins ef ástæða verður til, svo og að tefla fram nýjum málsástæðum og lagarökum, eftir því sem lög leyfa. Þá er áskilinn réttur til aðila- og vitnaskýrslna, ef tilefni gefur til.

Áskilinn er sérstakur réttur til að dómkveðja matsmenn til að leggja mat á skiptanleika jarðarinnar.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með Ásgerði Halldórsdóttur, kt. 310135-3809, Lækjasmára 6, Kópavogi, Áslaugu Olgu Heiðarsdóttur, kt. 050878-3259, Bárðarási 18, Hellissandi, Ásmundi Vilhelmssyni, kt. 200768-5319, Kirkjuteigi 7, Reykjavík, Ástríði Guðrúnu Eggertsdóttur, kt. 140368-5479, Norðurbakka 9B, Hafnafirði, Benedikt Hjartarsyni, kt. 090849-4099, Bríetartúni 22, Reykjavík, Bjarndísi Jónsdóttur, kt. 050554-4229, Krókabyggð 25, Mosfellsbæ, Björgu Magnúsdóttur, kt. 120273-4349, Randager 32, Alberslund, Danmörku, Björk Vilhelmsdóttur, kt. 021063-5689, Depluhólum 9, Reykjavík, Eygló Ósk Þórðardóttur, kt. 220676-4719, Bandaríkjunum, Finnboga Karli Bjarnasyni, kt. 290888-2399, með óþekkt heimilisfang í Sameinuðu arabísku furstadæmunum, Guðjóni Ásmundssyni, kt. 220374-3279, Þorlaksgeisla 38, Reykjavík, Guðjóni Agli Ingólfssyni, kt. 240256-2239, Eyri lóð 2, 524 Árneshreppi, Gunnlaugi Helgasyni, kt. 260863-7469, Ásbúð 26, Garðabæ, Halldóri Kristjáni Ingólfssyni, kt. 311054-6279, Hesthömrúm 7, Reykjavík, Halldóri Kristjáni

Hjartarsyni, kt. 110743-2119, Engihjalla 9, Kópavogi, Heiðari Jónssyni, kt. 090848-7399, Háteigsveg 14, Reykjavík, Helgu Lind Pálsdóttur, kt. 171182-4099, Birkigrund 13, Selfossi, Hrönn Vilhelmsdóttur, kt. 080661-6309, Ásholti 30, Reykjavík, Ingunni Hinriksdóttur, kt. 120944-2749, Berghólum 7, Selfossi, Jóni Páli Vilhelmssyni, kt. 190267-4829, Miklubraut 62, Reykjavík, Júlíusi Steinari Heiðarssyni, kt. 080969-4229, Lokastíg 20A, Reykjavík, Láru Valgerði Jonsson, kt. 090656-5469, Bandaríkjunum, Láru Valgerði Ingólfssdóttur, kt. 130646-3019, Eyri lóð 2, 524 Árneshreppi, Lúðvík Vilhelmssyni, kt. 240862-2719, Markarvegi 17, Reykjavík, Magnúsi Hjartarsyni, kt. 040848-7119, Þverholti 23, Reykjavík, Margréti Hrönn Huegemann, kt. 040759-3369, Þýskalandi, Maríu Jónsdóttur, kt. 090866-4789, Brekkustíg 4A, Reykjavík, Maríu Rún Bjarnadóttur, kt. 250281-5449, Hagamel 46, Reykjavík, Ragnari Frey Pálssyni, kt. 251173-4869, Hellandsgata 47, Henningsvær, Noregi, Rögnvaldi Pétri Bjarnasyni, kt. 180996-2579, Flétturima 34, Reykjavík, Söru Elísu Þórðardóttur, kt. 200181-3959, Sunnusmára 11, Kópavogi, Söru Magnúsdóttur, kt. 310582-5819, Miðholti 11, Mosfellsbæ, Sigríði Láru Heiðarsdóttur, kt. 090971-4339, 6301 Penuche Way, Holly Springs, Wake County, NC 27540, Bandaríkjunum, Stefáníu Helgu Ásmundsdóttur, kt. 151080-3919, Asparási 5, Garðabæ, Stefáníu Helgu Jónsdóttur, kt. 090856-4219, Naustavör 54, Kópavogi, Steingerði Halldórsdóttur, kt. 140540-4479, Boðarþingi 24, Kópavogi, Svanhildi Guðmundsdóttur, kt. 260543-2619, Eyri lóð 1, 524 Árneshreppi, Valgerði Marínósdóttur, kt. 251048-4019, Malarási 5, Reykjavík og Þórhildi Hrönn Ingólfssdóttur, kt. 190860-5159, Kópavogsbakka 15, Kópavogi, til að mæta á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, dómhúsinu við Austurvöll, sem háð verður **28. maí 2026, kl. 10.00**, er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur hlýða, til sakar að svara og dóm þola. Verði ekki mætt af hálfu stefndu má búast við að útvistardómur gangi í málinu. Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Reykjavík, 5. nóvember 2025.
Sigurður Kári Kristjánsson lögmaður.

(2025025528

Útgáfud.: 10. desember 2025

Stefna

(2025025529

Útgáfud.: 10. desember 2025

Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 9. desember 2025 í máli nr. L-7159/2025, var Arndís Herborg Björnsdóttir, kt. 270545-4409, svipt fjárræði til bráðabirgða, sbr. 6. gr. lögræðislaga nr. 71/1997, frá uppkvaðningu úrskurðar að telja.

Héraðsdómi Reykjavíkur, 9. desember 2025.
Barbara Björnsdóttir héraðsdómari

(2025025524

Útgáfud.: 8. desember 2025

Auglýsing um breytingu á áfrýjunarfjárhæð

Áfrýjunarfjárhæð samkvæmt 1. mgr. 152. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, sbr. 17. gr. laga nr. laga nr. 49/2016, er kr. 1.473.007.

Áfrýjunarfjárhæð þessi tekur gildi 1. janúar 2026 og gildir fyrir árið 2026.

Dómsmálaráðuneytinu, 8. desember 2025.

(2025025225

Útgáfud.: 3. desember 2025

(2025024804

Hlutfélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **SIV Credit Fund II slhf.**

Kt.: 601125-2690.

Heimili og varnarþing: **Ármúla 3, 108 Reykjavík.**

Dagsetning samþykktar er: 7. október 2025.

Stofnendur: SCF II GP ehf., kt. 461025-1020, Ármúla 3, 108 Reykjavík.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 7. október 2025.

-.

Firmað ritar: Allir stjórnarmenn ábyrgðaraðila.

Framkvæmdastjórn: Þorkell Magnússon, kt. 030574-3119, Furuvöllum 6, 221 Hafnarfjörður.

Prókúruumboð: Sigurður Ottó Þorvarðarson, kt. 170175-5579, Markarvegi 15, 108 Reykjavík, Þorkell Magnússon.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: KPMG ehf., kt. 590975-0449, Borgartúni 27, 105 Reykjavík.

Hlutfé kr.: 50.000.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er fjárfestingarstarfsemi í samræmi við fjárfestingarstefnu félagsins.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Nei.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.
(2025024793

Útgáfud.: 3. desember 2025

Hlutfélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **Óski's Eye ehf.**

Kt.: 601125-2340.

Heimili og varnarþing: **Lágmúla 5, 108 Reykjavík.**

Dagsetning samþykktar er: 26. september 2025.

Stofnendur: Pamela Lynne Houston, kt. 090162-3819, Bandaríkin, .

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 26. september 2025.

Stjórnarmaður: Pamela Lynne Houston. Varastjórn: Anna Fjóra Gísladóttir, kt. 071260-6319, Mosató 2, 803 Selfoss.

Firmað ritar: Stjórnarmaður.

Framkvæmdastjórn: Pamela Lynne Houston.

Prókúruumboð: Pamela Lynne Houston.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Kristinn Rúnar Victorsson, kt. 030477-4649, Flyðrugranda 8, 107 Reykjavík.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er skáldsagnagerð, ritstörf, hugmyndasmíði, útgáfa og ráðgjöf.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.

Útgáfud.: 3. desember 2025

Hlutfélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **Kaj ehf.**

Kt.: 601125-0640.

Heimili og varnarþing: **Sævangörðum 2, 170 Seltjarnarnes.**

Dagsetning samþykktar er: 18. nóvember 2025.

Stofnendur: Kristján Kaj Brooks, kt. 040871-4039, Sævangörðum 2, 170 Seltjarnarnes.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 18. nóvember 2025.

Stjórnarmaður: Kristján Kaj Brooks. Varastjórn: Guðrún Ólöf Gunnarsdóttir, kt. 051168-4379, Sævangörðum 2, 170 Seltjarnarnes.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Kristján Kaj Brooks.

Prókúruumboð: Kristján Kaj Brooks.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Sindri Snær Símonarson, kt. 290694-2569, Fífulind 3, 201 Kópavogur.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Ráðgjöf og tengd þjónusta.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.
(2025024816

Lögbirtingablað,
60. tölublað 2025.

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn á Suðurlandi,
Kristín Þórðardóttir.